

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 155/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Rafni Svavarssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa vitnin Sigurður Jóhann Guðjónsson og Páll Kristinsson verið kvædd fyrir dóm til að gefa ítarlegri skýrslur, og hafa þeir eiðfest vætti sín.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Rafn Svavarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, það með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. marz 1966.

Ár 1966, mánudaginn 7. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 101/1966: Ákærvaldið gegn Rafni Svavarssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. febrúar s.l., gegn ákærða, Rafni Svavarssyni, Braga-

götu 38, Reykjavík, nú refsifanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, fæddum 31. júlí 1938 í Reykjavík, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 20. janúar 1966 stolið radiógrammófóni úr herbergi Sveins Hafnfjörðs Jónssonar að Bogahlíð 14 í Reykjavík, en þar hafði ákærði verið gestur umrædda nótt.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1954 21/12 á Keflavíkurflv.: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1955 24/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

1956 11/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og óspektir.

1957 18/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 157. gr. hegningarlaga, sviptur ökuleyfi í 3 ár fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

1957 11/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1958 26/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1958 1/8 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1958 8/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1958 17/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1958 12/12 í Reykjavík: Dómur: 2 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti, kjörgengi og rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir brot á hegningar-, áfengis- og umferðarlögum.

1959 15/6 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1960 16/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaga.

1960 20/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir árás og ölvun.

1960 15/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1960 27/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 26/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1961 8/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1961 29/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1963 26/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
- 1964 30/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217. og 245. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þessir:

Að morgni fimmtudagsins 20. janúar s.l. kom Sveinn Hafnfjörð Jónsson matsveinn, Bogahlíð 14 hér í borg, á lögreglustöðina og kærði út af því, að ákærði, Rafn Svavarsson, hefði náttina áður tekið radiógrammófón af ófrjálsu heima hjá sér. Skýrði Sveinn Hafnfjörð svo frá, að hann hefði setið með ákærða að drykkju í herbergi sínu. Kvaðst hann hafa lagzt til svefns, er á leið náttina, og hefði grammófónninn horfið úr herbergi sínu, á meðan hann var sofandi. Taldi Sveinn Hafnfjörð, að ákærði hefði látið grammófóninn af hendi við leigubifreiðarstjóra vegna áfengiskaupa.

Lögreglan handtók ákærða að tilvísan Sveins Hafnfjörðs úti í togaranum Agli Skallagrímssyni, þar sem ákærði var þá skipverji. Ákærði var mikið ölvaður að sögn lögreglunnar og vart viðræðuhæfur. Hann skýrði þó lögreglunni frá því, að hann hefði fengið tvær flöskur af whisky („Johnie Walker“) fyrir grammófóninn hjá leigubifreiðarstjóra, en gat ekki tilgreint, svo að rétt reyndist, um hvaða bifreiðarstjóra væri að ræða.

Við eftirgrennslan rannsóknarlögreglunnar kom í ljós, að ákærði hafði fengið Sigurð Jóhann Guðjónsson, Grettisgötu 20 C, öku- mann leigubifreiðarinnar R 7206, til að aka sér um náttina. Hefur Sigurður Jóhann skýrt svo frá, að hann hafi að beiðni ákærða ekið að Bogahlíð 14. Fór ákærði þar úr bifreiðinni og inn í húsið einn síns liðs. Skömmu síðar kom hann út aftur og bað Sigurð Jóhann að aðstoða sig við að ná í radiógrammófón, sem hann ætti inni í húsinu. Sigurður Jóhann varð við beiðni ákærða. Kveður hann sér ekkert grunsamlegt hafa dottið í hug, enda opnaði ákærði húsið með lykli, sem hann var með, og sömu- leiðis tók hann fram, að hann hefði komið með grammófóninn frá Þýzkalandi að kvöldi þriðjudagsins 18. janúar. Grammófón- inn stóð að sögn Sigurðar Jóhanns í gangi hússins við útidyr. Fluttu þeir hann út í bifreiðina, og var farið með hann suður í Ytri-Njarðvík til Páls Kristinssonar, er býr þar að Njarðvíkur- braut 32. Var grammófónninn tekinn þar úr bifreiðinni. Kveður

Sigurður Jóhann ákærða hafa sagt sér, að hann hefði komið grammófóninum í geymslu hjá Páli, en eigi selt hann. Hins vegar hefði Páll lánað sér peninga.

Páll Kristinsson kveður ákærða hafa sagt sér, að hann hafi verið að koma með grammófóninn frá Þýzkalandi og beðið sig að geyma hann fyrir sig. Páll kveðst hafa trúað því, er ákærði sagði, og tekið við grammófóninum. Ákærði fékk nokkra fjárhæð lánaða hjá Páli, og var það óviðkomandi grammófóninum að sögn Páls.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við drykkju miðvikudaginn 19. janúar s.l., en nóttina áður hafði hann komið frá Þýzkalandi með togaranum Agli Skallagrímssyni, sem hann var þá skipverji á. Nokkru eftir hádegi hitti ákærði niður við höfn Svein Hafnfjörð Jónsson, sem hann þá þekkti ekki. Sveinn Hafnfjörð var með áfengisáhrifum, og varð það úr, að þeir tóku sér leigubifreið og héldu heim til Sveins Hafnfjörðs í Bogahlíð 14. Ákærði kveðst hafa haft meðferðis 1.500 krónur íslenskar og rúmlega 160 þýzk mörk. Skömmu eftir að þeir komu heim til Sveins Hafnfjörðs, kveðst ákærði hafa fengið honum 1.000 króna seðil og beðið hann að kaupa fyrir sig áfengi. Varð hann við beiðni ákærða og fór út. Þegar hann kom aftur, hafði hann meðferðis 1 fleyg af whisky („Johnnie Walker“) og þriggja pela flösku af sams konar áfengi, en flaskan var nærri tóm. Auk þess kom hann með eitthvað af matvælum. Ákærði bað Svein Hafnfjörð að afhenda sér afganginn af peningunum, en hann kvað þá hafa gengið upp. Nokkru síðar bað Sveinn Hafnfjörð ákærða að láta sig fá af þýzku mörkunum til áfengiskaupa, og fékk ákærði honum 50 mörk. Sveinn Hafnfjörð fór á brott með peningana, en kom ekki aftur með neitt áfengi. Rétt á eftir kveðst ákærði hafa orðið var við það, að Sveinn Hafnfjörð var inni á salerni. Fór ákærði þangað og fann þar 500 krónur, sem Sveinn Hafnfjörð hafði falið á bak við vask. Ákærði tók peninga þessa. Ákærði kveðst nú hafa sagt við Svein Hafnfjörð, að hann ætlaði að fara á brott, en Sveinn Hafnfjörð hafi beðið hann um að vera áfram. Fór hann jafnframt þess á leit við ákærða, að hann léti sig hafa meira af peningum fyrir áfengi, en á það kveðst ákærði ekki hafa viljað fallast. Nokkru síðar sofnaði ákærði, en þegar hann vaknaði aftur, saknaði hann 50 marka seðils úr veski sínu. Ákærði kveðst nú hafa beðið Svein Hafnfjörð að skila afganginum af peningunum, en hann hafi tregðast við að gera það. Sagði ákærði þá við hann, að hann mundi taka radíógrammófón, sem

var í herbergi hans, á brott með sér, ef hann endurgreiddi sér ekki. Sveinn svaraði því engu, og tók þá ákærði radiógrammófóninn á brott með sér. Ákærði fór með grammófóninn suður í Ytri-Njarðvík til Páls Kristinssonar, eins og áður er rakið, og kom honum þar til geymslu. Sagði ákærði Páli, að hann hefði komið með grammófóninn frá Þýzkalandi.

Hjá rannsóknarlögreglunni hafði ákærði skýrt í nokkrum atriðum öðru vísi frá töku grammófónsins. Kvað hann Svein Hafnfjörð hafa verið farinn á brott úr herberginu, er hann vaknaði undir miðnætti. Ákærði gáði í veski sitt og komst þá að raun um, að allir peningar hans voru horfnir, en í veskinu áttu að vera 150 þýzk mörk og 1.000 króna seðill. Ákærði taldi víst, að Sveinn Hafnfjörð hefði tekið peningana. Kveðst hann þá hafa gert sér lítið fyrir, eins og hann orðar það, tekið radiógrammófón, sem var í herberginu, og borið hann út úr húsinu. Náði ákærði síðan í leigubifreið frá Bifreiðastöð Hreyfils og lét bifreiðarstjórnann hafa grammófóninn að veði fyrir 2 flöskum af brennivíni. Morguninn eftir ætlaði ákærði að leysa grammófóninn út. Að þessu búnu kvaðst ákærði hafa farið út í togarann Egil Skallagrímsson og setið þar að drykkju fram undir morgun, unz Sveinn Hafnfjörð kom og hafði tal af honum. Í síðari skýrslu, er rannsóknarlögreglan tók af ákærða, upplýsti hann, hvert hann hefði farið með grammófóninn. Ákærði kveðst ekki hafa tekið grammófóninn í þeim tilgangi að slá eign sinni á hann, heldur sem tryggingu fyrir því, að hann næði peningunum aftur hjá Sveini Hafnfjörð.

Vitnið Sveinn Hafnfjörð Jónsson hefur skýrt frá því, að ákærði hafi fengið því 1.000 kr., er þeir voru komnir heim til þess, og beðið það að kaupa áfengi og matvæli fyrir sig. Vitnið varð við beiðni ákærða og keypti fyrir hann eina flösku og einn fleyg af whisky („Johnnie Walker“) auk nokkurs af matvælum. Vitnið afhenti ákærða þetta svo og afganginn af peningunum. Vitnið fór einnig út með 50 mörk og fékk þeim skipt fyrir ákærða í íslenska peninga, sem það síðan afhenti honum. Öðrum peningum kveðst vitnið ekki hafa tekið við frá ákærða. Vitnið kveðst hafa lagzt til svefns um nóttina. Þegar það vaknaði kl. 0500 um morguninn, var ákærði farinn á brott. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, að radiógrammófónn þess var horfinn úr herberginu, og grunaði það strax, að ákærði hefði tekið hann. Vitnið hóf nú leit að ákærða og fann hann úti í togaranum Agli Skallagrímssyni, þar sem ákærði var skipverji um þessar mundir.

Vitnið spurði ákærða, hvort hann hefði tekið grammófóninn, og neitaði hann því. Vitnið fór þá og sótti lögregluna. Fóru lögreglumenn út í togarann og höfðu tal af ákærða. Viðurkenndi ákærði þá að hafa tekið grammófóninn, en bar það jafnframt á vitnið, að það hefði stolið af sér peningum. Vitnið kveður það fjarri sanni, að það hafi tekið nokkra peninga af ákærða, heldur aðeins gert fyrir hann kaupin og fengið peningunum skipt fyrir hann, eins og áður greinir.

Að sögn vitnisins kostaði radiógrammófóninn kr. 10.000.00, er það keypti hann, en slíkir grammófónar kosta nú kr. 17.000.00. Vitnið kveður 11 plötur hafa verið í grammófóninum, og skemmdust nokkrar þeirra. Einnig varð grammófóninn fyrir hnjaski. Vitnið fékk grammófóninn afhentan. Kveðst það ekki gera skaðabótakröfur á hendur ákærða, þar sem það telji það þýðingarlaust.

Með framburði ákærða og vitnanna í máli þessu telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af saka-vottorði hans 6 mánaða fangelsi.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, er ákveðast kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Svarvarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.